

Frjalsar - 4 iðkendur í úrvalshóp FRÍ

Skrifað af Jóney Jónsdóttir

Fimmtudagur, 21 Október 2010 17:41

Í sumar náðu fjórir iðkendur Frjálsíþróttadeildar Hattar lágmarkum sem þurfa til að komast í úrvalshóp FRÍ. Það eru þau Bjarmi Hreinsson og Daði Fannar Sverrisson í sleggjukasti, Erla Gunnlaugsdóttir í langstökki og Heiðís Sigurjónsdóttir í 300m grind. Þann 9. október sl. voru þau boðuð til Reykjavíkur í æfingabúðir á vegum FRÍ. Næst munu þau halda suður þann 20. nóv. Ánægjulegt er að fylgjast með árangri þessara glæsilegu iðkenda okkar. Þeir fá innilegar hamingjuóskir og ósk um áframhaldandi velfarnað á íþróttabrautinni.